

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/2037****2022/EES/34/10**

frá 22. nóvember 2021

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar undanþágur fyrir rekstraraðila frá þeim skyldum að skrá lagareldisstöðvar og að halda skrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 175. gr. og 190. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur að því er varðar þær skuldbindingar rekstraraðila að skrá lagareldisstöðvar og þær skuldbindingar rekstraraðila lagareldisstöðva og flutningsaðila fyrir lagardýr að halda skrár. Að auki er í þeirri reglugerð kveðið á um að framkvæmdastjórnin geti mælt fyrir um framkvæmdarreglur varðandi tegundir lagareldisstöðva, sem aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágu frá kröfunni um skráningu vegna þess að þær skapa óverulega áhættu á útbreiðslu skráðra eða nýtilkominna sjúkdóma, sem og um framkvæmdarreglur varðandi tegundir lagareldisstöðva og flutningsaðila fyrir lagardýr sem aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágu frá kröfunni um að halda tilteknar tegundir skráa. Til samræmis við það þykir rétt að mæla fyrir um slíkar reglur í þessari reglugerð. Þar eð framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 ⁽²⁾ var samþykkt innan ramma reglugerðar (ESB) 2016/429 og þar er mælt fyrir um reglur varðandi lagardýr ættu skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð einnig að gilda að því er varðar þessa reglugerð.
- 2) Skilgreiningin á „starfsstöð“ sem sett er fram í 27. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er víðtæk sem og skilgreiningin á „lagareldi“ sem er sett fram í 6. lið þeirrar greinar. Því er rétt að nota valdheimildina sem framkvæmdastjórninni er veitt skv. 2. mgr. 175. gr. þeirrar reglugerðar til að gera aðildarríkjunum kleift að veita tilteknum tegundum lagareldisstöðva, sem skapa óverulega áhættu, undanþágu frá kröfunni um að lögbært yfirvald skrái þær.
- 3) Tilteknar lagareldisstöðvar sem eru lokuð aðstaða eða þaðan sem frárennsli er ekki losað beint í náttúrulegt vatn valda lítilli áhættu á að menga opin vötn. Þegar tekið er tillit til viðbótarþátta, s.s. tilflutninga á lagardýrum til og frá lagareldisstöð og tegunda, flokka og fjölda dýra sem þar eru haldin, má líta svo á að sumar þessara lagareldisstöðva skapi óverulega áhættu á útbreiðslu sjúkdóma og því er aðildarríkjunum heimilt að veita þeim undanþágu frá skráningarkröfunni.
- 4) Skrautlagardýr eru oft haldin sem gæludýr á athafnasvæðum sem eru ekki heimili. Slíkt athafnasvæði fellur undir skilgreininguna á „starfsstöð“ sem sett er fram í 27. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. Á sama hátt fellur athafnasvæði þar sem lagareldisdýr eru haldin vegna heilbrigðisþjónustu og í öðrum svipuðum tilgangi undir skilgreininguna á „starfsstöð“. Lagareldisdýr er einnig oft haldin til sýnis á veitingastöðum, þangað til þau eru keypt til manneldis, og stundum einnig í tjörnum eða búrum á heimilum þar sem þau eru ætluð til manneldis. Ef slíkar lagareldisstöðvar eru lokuð aðstaða eða frárennsli er ekki losað þaðan beint í náttúrulegt vatn og lagareldisdýr eru ekki flutt úr þeim skapa þær óverulega áhættu og því ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að veita þeim undanþágu frá skráningarkröfunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 416, 23.11.2021, bls. 80. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 345).

- 5) Í tilteknum tilvikum, með hliðsjón af tegund umræddrar lagareldisstöðvar, ætti einnig að uppfylla viðbótarkröfur til að draga úr sjúkdómsáhættu og til að gera undanþáguna frá skráningunni mögulega. Smásöluverslanir sem selja skrauttegundir til umsjónarmanna gæludýra eða tómstundaaðstöðu eða heimila þar sem lagareldisdýr eru haldin utandyra í tjörnum eða búrum sem er lokaákvörðunarstaður þeirra ættu t.d. að fá þessi dýr afhent beint frá lagareldisstöð, sem var samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/429, til að aðildarríkin geti veitt þeim undanþágu frá skráningarkröfunni.
- 6) Lagareldisstöðvar sem samanstanda af netbúrum eða öðrum mannvirkjum þar sem lagardýr, sem voru áður villt, eru tímabundið haldin í náttúrulegu vatni, í sömu faraldsfræðilegu einingunni og þau voru veidd í, þangað til þau eru fönguð til manneidis skapa einnig óverulega sjúkdómsáhættu og aðildarríkjunum er því heimilt að veita þeim undanþágu frá skráningarkröfunni.
- 7) Skráahald er mikilvægt vegna rekjanleika lagareldisdýra. Í tilteknum tilvikum er þó heimilt að veita undanþágur frá kröfunni um að rekstraraðilar haldi slíkar skrár þegar áhættan sem tengist tiltekinni tegund af lagareldisstöð er lítil. Lagareldisstöðvar sem eru skráðar í samræmi við 173. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, þaðan sem lagareldisdýr eru ekki flutt til annarra lagareldisstöðva eða þeim sleppt út í náttúruna, valda minni áhættu en þær sem verður að samþykkja í samræmi við 176. eða 177. gr. þeirrar reglugerðar. Aðildarríkjunum er því heimilt að veita slíkum skráðum lagareldisstöðvum undanþágu frá kröfunni um að halda tilteknar skrár.
- 8) Aðildarríkjunum er einnig heimilt að veita flutningsaðilum fyrir tiltekna flokka lagardýra, sem eru flutt með smitvörðum hætti, undanþágu frá kröfunni um að halda tilteknar skrár. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um flokka lagardýra og upplýsingar viðvíkjandi því við hvaða skilyrði verður að flytja þau sem og frá hvaða skrá þeim hefur verið veitt undanþága.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:

- a) tegundir lagareldisstöðva, sem skapa óverulega áhættu, sem aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágu frá skráningarkröfunni í samræmi við 174. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- b) tegundir lagareldisstöðva og flutningsaðila sem skapa litla áhættu á útbreiðslu skráðra eða nýtilkominna sjúkdóma sem aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágu frá kröfum um skráahald sem kveðið er á um í 186. og 188. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/691.

3. gr.

Tegundir lagareldisstöðva sem aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágu frá kröfunni um skráningu

Tegundir lagareldisstöðva, sem aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágu frá skráningarkröfunni, í samræmi við 174. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eru eftirfarandi:

- a) lagareldisstöð sem er lokuð aðstaða eða þaðan sem frárennsli er ekki losað beint í náttúrulegt vatn og þaðan sem lagareldisdýr eru ekki flutt til annarra lagareldisstöðva eða þeim sleppt út í náttúruna og er einhver af eftirfarandi tegundum lagareldisstöðva:
 - i. athafnasvæði þar sem skrautdýr eru haldin til sýnis í kerjum eða tjörnum sem gæludýr,
 - ii. veitingastaðir þar sem lagareldisdýr eru haldin til sýnis í kerjum eða tjörnum þangað til þau eru notuð til manneldis,
 - iii. stöðvar þar sem lagareldisdýr eru haldin vegna heilbrigðisþjónustu og annarrar svipaðrar notkunar,
 - iv. smásöluverslanir þar sem lagareldisdýr sem eru ætluð til skrauts eru haldin sem eru afhent beint frá lagareldisstöð, eða hópum þeirra, sem er samþykkt í samræmi við 176. eða 177. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 („samþykkt lagareldisstöð“) og sem eru seld beint til endanlegs umsjónarmanns gæludýra,
 - v. tómsundaaðstaða utandyra þar sem lagareldisdýr eru haldin í tjörnum í fagurfræðilegum tilgangi eða í þágu vatnsgæða, sem eru afhent beint frá samþykktri lagareldisstöð,
 - vi. heimili þar sem lagareldisdýr eru haldin utandyra í tjörnum eða búrum, eingöngu til einkaneyslu, og sem eru afhent beint frá samþykktri lagareldisstöð,
- b) lagareldisstöð sem samanstendur af netbúrum eða öðrum mannvirkjum þar sem lagardýr, sem voru áður villt, eru tímabundið haldin í náttúrulegu vatni, í sömu faraldsfræðilegu einingunni og þau voru veidd í, þangað til þau eru fönguð til manneldis.

4. gr.

Tegundir lagareldisstöðva og flutningsaðila sem aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágu frá tilteknum kröfum um skráahald

1. Tegundir lagareldisstöðva sem aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við 2. mgr. 186. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að veita undanþágu frá kröfunni um að halda skrár yfir allar eða einhverjar af þeim upplýsingum sem eru tilgreindar í c-, d- og e-lið 1. mgr. 186. gr. þeirrar reglugerðar, skulu vera þær lagareldisstöðvar eða hópar þeirra sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) þær hafa verið skráðar hjá lögbæru yfirvaldi í samræmi við 173. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og
- b) lagareldisdýr eru ekki flutt þaðan til annarra lagareldisstöðva eða þeim sleppt út í náttúruna.

2. Flutningsaðilar sem aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við 2. mgr. 188. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að veita undanþágu frá kröfunni um að halda skrár yfir allar eða einhverjar af þeim upplýsingum sem eru tilgreindar í 1. mgr. 188. gr. þeirrar reglugerðar, skulu vera flutningsaðilar fyrir eftirfarandi flokka lagardýra, að því tilskildu að lagardýrin séu flutt í innsigliðum, lekaþéttum ílátum sem haldast lokuð og ósködduð frá því að þau eru fermd og þangað til þau eru affermd á lokaviðtökustaðnum:

- a) lagareldisdýr sem eru ætluð til skrauts,

b) egg og svil lagardýra sem eru ætluð til lagareldis eða til sleppingar út í náttúruna.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
